





- LÖGREGLU -

# MAÐURINN

2. tbl. - 2015

Ritstjóri og  
Ábyrgðarmaður:  
Snorri Magnússon  
formaður LL

Starfsmaður LL:

Guðlaug Hreinsdóttir  
skrifstofustjóriForsíðumynd:  
Júlíus SigurjónssonTeikning á bls. 2:  
Logi Jes KristjánssonAðrar myndir:  
Júlíus Sigurjónsson og fl.Lögreglumaðurinn  
er gefinn út af Landssambandi  
lögreglumannall@logreglumenn.is  
www.logreglumenn.is

Alþjóðaleikar - Special Olympic 4

Vænna um skammirnar 10  
Viðtal við Magnús Einarsson  
fyrrverandi yfirlögrelubjón

Erlendar fréttir 18



Viðtal við Rick Smith forstjóra Taser 20

Íþróttir 25

## Efni til birtingar í Lögreglumanninum

- ◆ Aðsendar greinar sem birtar eru í blaðinu skulu merktar höfundu. Greinin lýsir skoðun höfundar en ekki stjórnar LL.
- ◆ Sendið gjarnan með myndir, stafrænar myndir eiga að vera í jpg formati.
- ◆ Vinsamlega látið fylgja með stöður, nafn, fastanúmer ef um lögreglumenn er að ræða, vinnustað, heimili og GSM númer sem hægt er að ná í viðkomandi.
- ◆ Ritstjóri fer í gegnum allt aðsent efni. Að þeirri vinnu lokinni fær sendandi að vita hvort efnið birtist í blaðinu eða ekki.
- ◆ Samþykkt efni verður ritstýrt á þann hátt að það passi við efnið sem ætlast er til að birtist í blaðinu.
- ◆ Leyfi til birtingar efnis úr blaðinu er einungis veitt sé þess getið hvaðan það er fengið.

## Kjarasamningar

Í síðasta formannshorni fór ég yfir ganginn í kjaraviðræðum LL við ríkisvaldið og lýsti nokkuð ítarlega því sem hafði verið að gerast í þeim efnunum allt s.l. ár sem og að hluta til hvernig framgangi ríkisvaldsins hefði verið í garð stéttarinnar undanfarna áratugi.

Nú er nýlukið gerð enn eins framlengingarsamkomulagsins við kjarasamning lögreglumanna sem að stofninum til er frá árinu 2005. Sá samningur rann formlega út í lok október 2008. Strax þá um haustið – í kjölfar bankahrunsins – var farið í það sem LL hélt á þeim tíma að yrði gerð nýs kjarasamning. Í ljós kom hinsvegar að einungis stóð til að framlengja kjarasamninginn auk þess sem gerðar voru á honum nokkrar smávægilegar breytingar.

Gildistími þeirrar framlengingar var 1. nóvember 2008 til 31. maí 2009. Byrjað var að eyðileggja launtöflu LL.

Ekkert gekk eða rak í vinnu við gerð nýs kjarasamnings áður en ofangreint framlengingarsamkomulag rann út þann 31. maí 2009. Það var ekki fyrr en þann 3. júlí 2009 að undirritun tókst undir enn eitt breytinga og framlengingarsamkomulag kjarasamningsins sem unnið var í anda svokallaðs „Stöðugleikasáttamála“.

Þetta samkomulag var kolfellt í atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna LL. Sest var aftur að samningaborðinu og eftir langt og strangt samningabóf, sem engu skilaði var kjaradeilunni loks vísað í gerðardóm, þann 6. maí 2010, skv. fylgiskjali í kjarasamningi LL.

Niðurstaða gerðardómsins lá fyrir þann 2. júní 2010 og þá lá jafnframt fyrir endanleg úrlausn kjaradeilunnar fram til 30. nóvember 2010.

Enn hófu stéttarfélög opinberra starfsmanna kjaraviðræður sínar síðari hluta árs 2010 með undirritun viðræðuáætlunar tíu vikum áður en samningstíminn rann út þann 30. nóvember 2010. Enn og aftur hófst þófið sem lauk með því að LL vísaði kjaradeilunni í gerðardóm með bréfi þann 17. ágúst 2011.

Niðurstaða gerðardómsins lá fyrir þann 23. september 2011 og bundin úrlausn deilunnar komin á til 31. mars 2014.

Í framhaldi af niðurstöðu gerðardómsins var gerður viðauki við stofnanasamning LL sem fól í sér endurröðun starfaflokka í launatöflu LL – hliðranir um bæði flokka og þrep.

Kjarasamningar allra aðila vinnumarkaðarins voru hinsvegar styttr á samningstímanum þ.a. í stað þess að þeir rynnðu út þann 31. mars 2014 varð lokadagsetning þeirra 31. janúar 2014.

Sama hringrásin hófst svo tíu vikum fyrir 31. janúar 2014 sem lauk með undirritun framlengingarsamkomulags þann 16. apríl 2014 með gildistíma til 30. apríl 2015.



Eins og ítarlega var greint frá í síðasta formannshorni og þegar hefur verið gerð grein fyrir á lokuðu svæði félagsmanna LL á heimasíðu félagsins var gríðarlega mikil vinna unnin, til undirbúnings gerð nýs kjarasamnings á árinu 2015 og komu þar að mörgu félög opinberra starfsmanna. Ríkisvaldið gerði ekki einu sinni svo lítið að virða viðlits bréf sem félögin sendu fjármálaráðherra í október 2014 með beiðni um viðræður um einstaka kafla kjarasamningsins. Tilgangur vinnunnar, af hálfu stéttarfélaganna

opinberra starfsmanna, var m.a. sá búa í haginn fyrir komandi kjarasamninga í byrjun þessa árs og var þar helst verið að horfa til atriða er snertu málefni vaktavinnufólks í vinnutímakafla kjarasamninganna. Ári síðar hefur bréfi stéttarfélaganna enn ekki verið svarað.

Mikil vinna fór í hönd í upphafi þessa árs, sem laut að því að hægt yrði að ganga fram nýjum kjarasamningi áður en hinn fyrri rynni út. Það var enda í anda þess sem BSRB hefur talað fyrir a.m.k. allt frá árinu 2012 um bætt vinnubrögð við gerð kjarasamninga þ.a. nýr kjarasamningur liggi fyrir áður en hinn fyrri rynni út.

Allt kom fyrir ekki og hin gömlu fornaldravinnubrögð voru viðhöfð, við úrlausn kjaradeilna opinberra starfsmanna, með löngum nætursetum í húsnæði Ríkissáttasemjara. Þrætum, deilum, viðræðufrestun, verkföllum, lagasetningum og gerðardómi. Hið sama tók svo við þegar BSRB félögin fóru af stað í sína kjarasamningagerð. Þrátt fyrir fögur fyrirheit um bætt vinnubrögð breyttist lítið eða ekkert. Næturseturnar héldust. Fundir kallaðir á snemma næsta morguns. Áfram hangið. Fleiri nætursetur. Fleiri morgunfundir, nætursetur, morgunfundir o.s.frv.

Niðurstaðan? Enn eitt breytinga og framlengingarsamkomulagið prentað út og gildistíminn að þessu sinni fram á byrjun árs 2019. Að vísu fylgja þessu framlengingarsamkomulagi fögur fyrirheit um bætt vinnubrögð til framtíðar lítið – ef sátt næst um tilgreind málefni fyrir ákveðinn tíma. Allt litur vel út og vonandi tekst vel til en þvilík sóun á tíma og fjármunum frá árinu 2008.

Er ekki kominn tími til að stjórnvöld girði sig í brók í eitt skipti fyrir öll þegar kemur að gerð kjarasamninga við starfsmenn sína?

Snorri Magnússon  
formaður LL

# Law Enforcement Torch Run for Special Olympics

Alþjóðlegt verkefni sem byggir á samstarfi Special Olympics og lögreglumanna



## Alþjóðaleikar - Special Olympic í Los Angeles

Alþjóðaleikar Special Olympics fóru fram dagana 25. júlí – 02. ágúst 2015 í Los Angeles, Kaliforníu. Á sama tíma fór einnig fram Law Enforcement Torch Run for Special Olympics eða kyndilhlaup lögreglumanna fyrir Special Olympics (LETR).

LETR eru alþjóðleg samtök lögreglumanna sem hafa tekið það að sér að hlaupa með ólympíulögum fyrir sumar- og vetrarleika Special Olympics (SO), hvort sem það eru Alþjóðaleikar eða Evrópuleikar. Tilgangurinn er að auka almenningsvitund um SO og afla styrkja fyrir samtökin og hefur LETR safnað yfir hálfri milljón dollara fyrir samtökin síðan 1981 sem hefur gert LETR að stærstu regnhlífarsamtökum heims fyrir SO.

Law Enforcement Torch Run hlaupið fyrir sumarleikana í Los Angeles 2015 hófst 13. júlí og lauk þegar 115 lögreglumenn og 10 Special Olympics iðkendur frá 48 ríkjum Bandaríkjanna og 24 löndum víðs vegar um heiminn, þar af 11 Evrópuríkjum, báru ólympíulögann

inn á opunarhátíð Alþjóðaleikanna 25. júlí í Memorial Coliseum í Los Angeles. Á þessu tímabili bar lögreglan logann inn í 118 borgir og bæi í Kaliforníu og byrjaði í Sacramento. Þessir Alþjóðaleikar Special Olympics voru stærsti íþróttaviðburður heims á þessu ári og stærsti einstaki íþróttaviðburður í Los Angeles síðan ólympíuleikarnir voru haldnir þar árið 1984. Um 7000 keppendur frá 177 löndum tóku þátt á leikum þar af 41 keppandi frá Íslandi.

Það var ótrúlega gefandi að taka þátt í þessu verkefni. Það komu mjög margir SO keppendur á atburðina sem voru 5 – 6 á hverjum degi, með aðstandendum sínum og margir með verðlaunapeningana sína til að sýna okkur. Þau voru svo þakklát að við skulum vera að vekja athygli á þeim. Það eru ekki til ljúfari, einlægari, heiðarlegri og jákvæðari keppendur en í Special Olympics. Þar er ekki aðalmálið að sigra andstæðinginn heldur frekar að sigrast á eigin takmörkunum, fara á sínum hraða

og með sínum hætti. Um keppendur Special Olympics spyrjum við ekki hvernig við getum hjálpað þeim heldur hvernig þau geta hjálpað okkur. Við getum lært mikið af þeim.

Kyndilhlaupið í Kaliforníu gekk vel fyrir sig og var með þeim hætti að okkur var ekið í rútu um 1 – 2 km leið frá miðbæ viðkomandi borgar/bæjar. Skokkuðum létt í miðbæinn í tveimur röðum, lögreglumaður og SO iðkandi í fararbroddi með kyndilinn. Í miðbænum var ávallt vel tekið á móti okkur og alltaf að lágmarki fluttar fjórar ræður. Þeir sem það gerðu voru borgarstjórnin í viðkomandi borg, lögreglustjórnin, SO iðkandi og lögreglumaður úr kyndilhlaupinu og sagt frá upplifun af samstarfi lögreglunnar við Special Olympics. Ég var t.d. með ræður á tveimur stöðum í Palm Springs og Westminster. Að ræðuhöldum loknum blönduðumst við í hópinn og ræddum við fólkið, teknar voru myndir og að endingu röðuðum við okkur aftur upp, skokkuðum 0,5 – 1 km og upp í rútna aftur og héldum á næsta

stað og svo koll af kolli dagana 13. – 25. júlí.

Það var mikið um að vera á hverjum degi og margir iðkendur Special Olympics á hverjum stað ásamt fólki sem vildi leggja málstaðnum lið og voru lögreglulið og slökkvilið þar ekki undanskilin. Strax á fyrsta degi í borginni Novato höfðu lögreglan og slökkvilið raðað bifreiðum sínum upp í heiðursgöng, þar var lúðrasveit, dansað og fimleikasýning og í San Rafael hafði lögregla og slökkvilið gert það sama. Í Oakland tók hluti af fótboltaíðinu á móti okkur og það sama gerðist í San Francisco þegar við fórum á heimavöll San Francisco 49ers en á þessum velli verður spilaður Super Bowl 2016. Eitt af eftirminnilegustu augnablikunum var þegar við skokkuðum með kyndilinn yfir Golden Gate Bridge í San Francisco. Það vakti gríðarlega athygli og mikið fjallað um það, lögreglubátar undir brúnni og fréttapýrlur fyrir ofan brúnni, í framhaldinu fórum við með lestarvögnum á bryggjuna Pier 39 með Alcatraz í bakgrunninum og heljarinnar hátíðarhöld á bryggiunni. Og á Union Square í San Francisco tók 40 manna sífónihljóm-sveit á móti okkur.

Á mörgum stöðum voru hljóm-sveitir, sin-



fónihljóm-sveit, djasshljóm-sveit, lúðrasveit, gítarleikarar, plötusnúðar, söngvarar af öllum stærðum og gerðum og við dönsuðum við fólkið og fólkið dansaði fyrir okkur, flamingodansa, fánadansa, hipp hopp, allt frá fullornum einstaklingum niður í litil börn og þá skulum við ekki gleyma öllum klapstýrunum sem dönsuðu fyrir okkur. Við fórum á herstöðvar og í San Pedro fór athöfnin m.a. fram í herskipi. Lögregluliðin í hverri sýslu spiluðu stórt hlutverk við umferðarstjórn á bílum, mótórhjólum, reiðhjólum og jafnvel hestum. Komið var við í höfuðstöðvum Toyota, Sony Studios, Disneyland, Beverly Hills og í eyðimerkurbæi

eins og El Sentro og Blyth. Við vorum blessuð í St. Michaels Church í Los Angeles, fórum að Hæstarétti og hinu margfræga Hollywood skilti. Öllu þessu lauk svo á opunarhátíðinni þegar við röðuðum okkur, allir lögreglumennirnir, meðfram sviðinu í lögreglubúningum viðkomandi landa og kyndillinn síðan borinn inn á leikvanginn og eldur leikanna tendraður með honum að viðstöddum 80.000 manns en þessu eru gerð góð skil í máli og myndum á íslenskri Facebook-síðu LETR (LETR Iceland).

Fyrir mig persónulega voru tvö eftirminnileg atvik. Annars vegar þegar mér var afhentur lykill að borginni Westminster í Kaliforníu en

# Estirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnadar í starfi

## Reykjavík

A. Margeirsson ehf  
A. Wendel ehf  
A1 málu ehf  
Aðalvík ehf  
Arctic Trucks Ísland ehf  
Arkís arkitektar ehf  
Atlantsflug ehf  
Atorka ehf, verktakar og vélaleiga  
Auðmerkt ehf  
Auglýsingastofan ENNEMM  
ÁH lögmenn slf  
Álafoss - verslun  
Áman ehf  
Ásbjörn Ólafsson ehf  
Ásbyrgi, fasteignasala  
B.Á. Múrverk ehf  
Bakkus ehf  
BBA/Legal ehf  
Bending 1 ehf  
Bifreiðaverkstæði Svans ehf  
Birtingur ehf  
Bílahöllin hf  
Bílamálu Sigursveins Sigurðssonar  
Bílaréttingar og bílasprautun Sævars ehf  
Bílasmiðurinn hf  
Bílfang ehf  
Björgun ehf  
BK fasteignir ehf  
BK kjúklingar  
Bládamannafélag Íslands  
Bláfugl hf  
Blikksmiðjan Glófaxi hf  
Blikksmiðurinn hf  
Blómabúðin Hlíðablóm  
Blómatorgið ehf  
Bonafide lögmenn ráðgjöf sf  
Boozt bar N1 Borgartúni-N1 Ártúns-  
höfða-N1 Hringbraut  
Bólstrun Ásgríms ehf  
Breiðan ehf  
Búáfurinn  
Búseti svf  
Byggingarfélag Gylfa og Gunnars ehf  
City Car Rental  
City Taxi, leigubílastöð  
Danica sjávarafurðir ehf  
Dental stál ehf  
dk hugbúnaður ehf., dk.is  
Draupnir lögmennsþjónusta ehf  
Efling stéttarfélag  
Eignamiðlunin ehf  
Eignaumsjón hf  
Endurskoðun og reikningskil hf  
Ernir ehf  
Exitus lögræðiþjónusta ehf-Hreiðar  
Eiríksson  
Ferskar kjötvörur hf

Fiskafurðir-umboðssala ehf  
Fiskmarkaðurinn ehf  
Fjallamenn-Mountaineers of Iceland  
Fjeldsted & Blöndal lögmennsstofa slf  
Frami, félag leigubifreiðastjóra  
Frystikerfi ehf  
FS Flutningar ehf  
Gagnaeyðing ehf  
Gagnaöryggi ehf  
Gallerí Fold  
Garðs Apótek ehf  
Gáski sjúkrahjálfun ehf  
GB Tjónaþjónusta ehf  
Geotek ehf  
Gjögur hf  
Gjörvi ehf  
Gray Line Iceland  
Guðmundur Jónasson ehf  
Gull- og silfursmiðjan Erna ehf  
Gullsmiðurinn í Mjódd  
Gullöldin ehf  
Gunnar Örn, málningarþjónusta  
Gúmmisteypa Þ. Lárusson ehf  
Hagi ehf-Hilti  
Hamborgarabúlla Tómasar  
Hamborgarabúlla Tómasar - Við erum  
öll jöfn  
Happdrætti Háskóla Íslands  
Hárgreiðslustofan Aþena  
Hárlausnir ehf  
Heimilisprýði ehf  
Henson sports  
Hereford Steikhús ehf  
Hilmar D. Ólafsson ehf  
Hitastýring hf  
Hjá Dóra ehf, matsala  
Hjá Guðjón Ó ehf  
Hljóðfærarhúsið ehf  
Hornið veitingastaður  
Hótel Frón ehf  
Hótel Leifur Eiríksson ehf  
Hótel Viðey ehf-4th Floor Hotel  
Hreyfill  
Hreysti ehf  
IcePharma hf  
Inter ehf  
Invent Farma ehf  
iStore í Kringlunni  
Íbúðagisting.is  
Ísaga hf  
Ísfrost ehf  
Íslenska Gámafélagið ehf  
Ísold ehf  
Ís-spor ehf  
Íþróttabandalag Reykjavíkur  
JE Skjanni ehf, byggingaverktakar  
Jeppaþjónustan Breytir ehf  
Jóhannes Long ljósmyndari

JP Lögmenn ehf  
K. H. G. Þjónustan ehf  
K. Pétursson ehf  
K-R-S-T Lögmenn  
Kaffivagninn ehf  
Kemi ehf-www.kemi.is  
Kjörgarður  
Kjöthöllin ehf  
Klettur - sala og þjónusta ehf  
Klipphúsið ehf  
Knattspyrnusamband Íslands  
KOM almannatengsl  
Kone ehf  
Kristján Þ. Haraldsson  
Kvikk Þjónustan ehf  
Kælitækni ehf.  
Lagastoð lögræðiþjónusta ehf  
Lagnalagerinn ehf  
Landslagsarkitekt Mogensen ehf  
Landssamtök lífeyrissjóða  
Láshúsið ehf  
Le Bistro - franskur bistro & vinbar  
Leiguval ehf  
Lifandi vísindi  
Lifland og Kornax  
Ljósafoss ehf  
Ljósblík rafverktakar ehf  
Ljósboginn ehf  
Loftstokkahreinsun.is, s: 893 3397  
Logy.is  
Lögmennsstofa Ingimars  
Ingimarssonar hrl sf  
Lögmenn Árbæ slf  
Lögmenn Höfðabakka ehf  
Lögmenn Jónas & Jónas Þór sf  
Lögmenn Laugavegi 3 ehf  
Lögreflugfélag Reykjavíkur  
Lögstofan  
Löndun ehf  
Marco Polo  
Margt smátt ehf  
Matthías ehf  
Málarameistarar ehf  
Mentis Cura ehf  
MS Armann skipamiðlun ehf  
Múlakaffi  
Múlaradíó ehf  
Nexus afþreying ehf  
Nortek ehf  
Nói-Sírus hf  
Nýi öskulóinn ehf  
Nýja bílahöllin ehf  
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins  
Orkuvirki ehf  
Ólafur Gíslason & Co hf  
-Eldvarmamiðstöðin  
Ósal ehf  
Pétur Stefánsson ehf

Pixel ehf  
Plast - miðar og tæki ehf  
Poulsen ehf  
Pósturinn  
Prikíð ehf  
Prinsinn, söluturn  
Prófilstál ehf  
Pure Spirits ehf  
Rafelding ehf  
Rafey ehf  
Rafax ehf  
Rafsvið sf  
Rafver hf  
Rafþjónustan slf  
Rannsóknarnefnd samgönguslysa  
Ráðgjafar ehf  
Reykjavík Motor Center ehf  
Réttingaverkstæði Bjarna og Gunnars ehf  
Samsýn ehf  
Sendibílar og hraðþjónusta ehf  
Sérefni ehf, málningarvörverslun  
Shalimar, Pakistanska veitingahúsið  
SHV þjónustugæðing ehf  
Sima- og tölvulagnir hf  
Sjávargillið ehf  
Skipakostur slf  
Skipamiðlarar ehf  
Skipaþjónusta Íslands ehf  
Skorri ehf  
Skotfélag Reykjavíkur  
Skóverslunin Ílaskinn ehf  
SM kvótaping ehf  
Smith og Norland hf  
Smurstöðin Klöpp ehf  
Sólun Bistro  
Sport Company ehf  
Sportbarinn  
Sportlif-www.sportlif.is  
Staukur ehf-leiktæki og sjálfssalar  
Stál og stansar ehf  
STEF Samband tónskálda og eigenda  
Stjörnuvegg hf  
Stólpi gámar ehf, gámaleiga- og sala  
Stóra bílasalan ehf  
Suzuki bílar hf  
Svarta Kaffið kaffihús  
Sveiney ehf  
SVP-Samtök verzlunar og þjónustu  
Sægreifinn  
Söluturninn Víkivaki  
Talnakönnun hf  
Tandur hf  
TBG ehf  
Teiknistofan Arkitektar  
Timberland Kringlunni & Laugavegi  
Tort ehf  
Tóbaksverslunin Björk  
Trip ehf



Það atvikaðist þannig að ég hélt ræðu um Sigga son minn, slysið sem hann varð fyrir og hvernig aðstæður leiddu hann til Special Olympics og hvað SO gerði fyrir hann. Það urðu allir snortnir af sögunni og þegar ég var að ræða við borgarstjórnann eftir athöfnina tók hann þá ákvörðun að færa mér lykil að borginni, rauk inn í þinghúsið, sótti lykil og afhenti mér hann síðan með viðhöfn. Gríðarlegur heiður sem mér var sýndur með þessu og er því núna heiðursborgari í Westminster í Kaliforníu. „Thank you very much“. Og hins vegar þegar síðasta athöfnin var á síðasta deginum að ég hljóp með kyndilinn inn á Santa Monica Pier í Los Angeles og eiginkona mín og tveir synir voru þar ásamt fleirum Íslendingum veifandi íslenska fánanum og voru vitni að því sem ég var búinn að vera að gera í 12 daga.

Það sem ég vonast eftir með þessum skrifum mínum er að vekja fólk til umhugsunar um hvað Special Olympics er og fyrir hvað það stendur. Hvaða áhrif við getum haft til að efla það, gera það sterkara því það er vissulega þörf fyrir það. Ég á sjálfur tvo drengi sem eru iðkendur í Special Olympics. Ég hef verið með LETR hlaup á Íslandi meðal íslenskra lögreglumanna og margir sem vita ekki út á hvað þetta brölt gengur, að hlaupa eitthvað með kyndil en að hafa upplifað hvaða áhrif þetta hefur fyrir Special Olympics sýnir manni að þetta er þess virði. Ef þetta verður til þess að einhver byrjar í íþróttum hjá SO vegna LETR þá dugur það mér. Að taka þátt í svona verkefni er án nokkurs vafa mjög jákvætt fyrir lögregluna. Lögreglunni gefst þarna kostur á að sýna samfélagslega ábyrgð á jákvæðan hátt með stuðningi við íþróttir fatlaðra og hvet ég áhugasama sem vilja koma að starfinu til að hafa samband við mig á gummisig@logreglan.is.

ARNE JACOBSEN WATCHES  
www.rosendahl-timepieces.dk

Verð frá 64.900 kr.

M  
MICHELSEN  
URSMIDIR SIDAN 1909

Laugavegi 15 - 101 Reykjavík - sími 511 1900 - www.michelsen.is



## Evrópuleikar Special Olympics 2014

Dagana 9. – 20. september 2014 fóru fram Evrópuleikar Special Olympics í Antwerpen í Belgíu. Alls tóku 2040 keppendur þátt í leikunum frá 58 þjóðum, þar af 35 frá Íslandi. Íslensku keppendurnir tóku þátt í 5 greinum, knattspyrnu, frjálsum íþróttum, badminton, boccia og sundi. Alls tóku 56 bæir í Belgíu þátt í vinabæjardagskrá dagana 9. – 13. september. Vinabær Íslendinganna var Kortrijk.

### En svona til upprifunar - hvað er Special Olympics?

Samtökin Special Olympics International (SOI) voru stofnuð af Kennedy fjölskyldunni árið 1968. Þau eru enn í dag umsjónaraðili samtakanna og eru SOI stærstu íþróttasamtök fatlaðra í heiminum. Umsjónaraðili starfsemi Special Olympics á Íslandi frá upphafi er Íþróttasam-

band fatlaðra (ÍF) eða frá árinu 1989.

Margir hafa fallið í þá mytu að ætla sem svo að Special Olympics sé það sama og Ólympiuleikar fatlaðra en þetta er ekki það sama. Umfang og glæsileiki alþjóðleika SOI líkist helst Ólympiuleikum fatlaðra en keppnisform er gjörólíkt. Til að taka þátt á Ólympíumótum fatlaðra þarf að ná lágmarkum á heimsvísu sem krefst mikils undirbúnings og vinnu. Þátttakendur á leikum SOI eru einstaklingar með þroskahömlun, engin lágmark þarf á leikana og allir keppa við sína jafningja. Aðildarfélag tilnefna einstaklinga og er mið tekið af framkomu, framförum og mætingu á æfingar fremur en árangri.

### Hlutverk LETR á Evrópuleikunum

En það sem átti sér líka stað í Belgíu dagana 9. – 13. september var kyndilhlauð lögreglumanna til stuðnings Special Olympics, eða Law Enforcement Torch Run (LETR). Alls tóku 20 lögreglumenn frá 15 Evrópuþjóðum þátt í að bera Ólympíueldinn inn í 22 vinabæi og viðburði víðsvegar um Belgíu og vekja þannig athygli á leikum en lögreglan á heimsvísu hefur sinnt þessu hlutverki síðan árið 1981. Lögreglumennirnir komu frá Austurríki, Króatíu, Kýpur, Tékklandi, Grikklandi, Gíbraltar, Írlandi, Norður-Írlandi, Ítalíu, Lettlandi, Hollandi, Eistlandi, Póllandi, Portúgal og tveir frá Íslandi, greinarhöfundur og Gunnar Schram. Ólympíueldurinn

var tendraður í Ólympíu í Grikklandi þann 4. september og grískir lögreglumenn báru hann víðsvegar um Grikkland. Þann 9. september kom hann til Belgíu við mikla viðhöfn og hljóp forsætisráðherra Belgíu með hann fyrsta spölinn. Þarna hófst okkar verkefni, að hlaupa með Ólympíueldinn víðsvegar um Belgíu. Ekki var það svo að við höfðum verið skikkaðir til að gera þetta heldur áttum við það sameiginlegt að vilja láta gott af okkur leiða sem lögreglumenn. Alls hlupum við tæpa 100 km á þessum 5 dögum, í 22 – 25 stiga hita og með sára fætur en meðan á þessu stóð þá skipti það ekki máli. Það sem við upplifðum var gleðin hjá keppendum Special Olympics sem hlupu með okkur, ánægjan sem þau upplifðu að vera að taka þátt í þessu verkefni með lögreglunni og viðtökur fólksins og annarra keppenda sem tóku á móti okkur í hverjum bæ.

### Framkvæmd hlaupsins

Þannig var að í öllum vinabæjunum hlupu keppendur frá þeirri þjóð sem var í viðkomandi vinabæ með okkur lögreglumönnum ásamt nemendum úr lögregluskólum, aðstoðarmönnum og sjálfbóðaliðum, stundum 50 – 60 manns. Þetta gekk þannig fyrir sig að hóparnir hittust 1 – 4 km frá miðbænum. Svo var halupíð/skokkað með Ólympíueldinn í miðbæinn og hlupu ávallt lögreglumaður og keppandi saman með eldinn. Þannig fengu ávallt nokkrir keppendur að hlaupa með eldinn á hverri leið. Í miðbænum var tekið á móti okkur með mikilli viðhöfn, þar voru mættir bæjar-/borgarstjórar ásamt fríðu föruneyti, tveir lögreglumenn og einn keppandi báru Ólympíueldinn í sameiningu upp á svið, ræður voru ræður og stundum var móttökuathöfn með lúðrasveit, harmonikkusveit eða trommum og tilheyrandi. Í vi-

nabæ Íslendinga, Kortrijk, voru móttökurnar ógleymanlegar. Um 2000 manns tóku á móti okkur, langar raðir af fólki markaði leiðina og miðbærinn fylltist af fólki. Þeir bæir/borgir sem við bárum Ólympíueldinn til voru eftirfarandi (ásamt dagsetningu):

- 9. sept. – Brussel en þarna tókum við á móti eldinum á flugvöllinum svo var hlaupið með hann m.a. framhjá Evrópuþingi Sameinuðu þjóðanna, þinghúsinu og Konungshöllinni en þar kom kóngurinn og var með móttökuathöfn fyrir okkur.
- 10. sept. Genk, Hasselt, Lommel, Mol, Aerschot og Leuven.
- 11. sept. Eupen, Liege og Charleroi.
- 12. sept. Kortrijk, Aalst, St Niklaas og Beveren.
- 13. sept. Antwerpen, Mortsel, Kontich og Mechelen.

Við tókum þátt í tendrun elds leikanna á opunarhátíðinni, tendrun elds leikanna í Ólympíuþorpi keppendanna og tendrun elds leikanna í Antwerpen, gestgjafa leikanna. Allstaðar sem við komum vakti hlaupið mikla athygli, það var tekið fagnandi á móti okkur af keppendum og heimamönnum. Sérstaklega var gaman að deila gleðinni með keppendum, gleði þeirra var svo einlæg og þau voru svo upprifin af því að lögreglumenn skuli vera að gera þetta fyrir þau. En auk þess að vekja athygli á leikum sjálfum þá er þetta akkúrat tilgangurinn með þessu, að gleðja og gefa af sér.

Að taka þátt í svona verkefni er án nokkurs vafa mjög jákvætt fyrir lögregluna, Hvert aðildarland er með sína Special Olympics leika og Ísland er þar ekki undanskilið. Íslandsleikar Special Olympics eru haldnir tvisvar á ári, í má



og nóvember og stefnir LETR á Íslandi á að halda kyndilhlauð lögreglu fyrir báða leikana og hvetur lögreglumenn til að taka þátt í þeim og kynna sér LETR.

Ísland hefur fengið boð um að senda einn lögreglumann í hóp lögreglumanna víða að úr heiminum sem munu hlaupa með Ólympíueldinn fyrir alþjóðleika Special Olympics í Los Angeles árið 2015.

### Nánari upplýsingar um Law enforcement torch run má sjá á eftirfarandi slóð:

[http://www.specialolympics.org/Sections/Donate/Special\\_Olympics\\_Torch\\_Run.aspx](http://www.specialolympics.org/Sections/Donate/Special_Olympics_Torch_Run.aspx).

[www.lettr.org](http://www.lettr.org).

[www.specialolympics.org](http://www.specialolympics.org).

Íslensk Facebooksíða LETR

LETR Iceland

Guðmundur Sigurðsson  
Rannsóknarlögreglumaður  
Lögreglan á Suðurnesjum



# Vænna um skammirnar

Viðtal við Magnús Einarsson  
fyrirverandi yfirlöggregluþjón



Á sjöunda áratugnum var Magnús Einarsson fyrirverandi yfirlöggregluþjóninn einn þeirra bifhjólalögreglumanna sem fylgdist með sívaxandi bílaumferð í Reykjavík. Hann stjórnaði umferðinni af einsakri lipurð og öryggi, fangaði athygli öikumanna með ákveðnum og markvissum bendingum, horfði á þá árvökulum augum með bros á vör. Það var eitthvað í fari Magnúsar sem fékk öikumennina til að vera betur vakandi við aksturinn, grípa fast og örugglega um stýrið og fylgjast með akstursaðstæðum. Áhugi á starfinu, yfirvegum og ákveðni einkenndu hann alla starfsævina. Margar góðar sögur hafa verið sagðar um Magnús, einkum um það hvað hann gat talað af mikilli sannfæringu og rökfestu um margvísleg málefni hvort sem það var við félagana í lögglunni eða borgarann sem hafði orðið uppvís að broti.

Ein sagan segir frá því að eitt sinn sem oftar voru umferðardeildarmenn að radarmæla á fjölfarinni umferðargötu í Reykjavík. Þá kom inn í radarinn bíll sem ekið var yfir löglegum hraða. Billinn var stöðvaður og öikumanni gert grein fyrir mældum hraða og að hann hafi brotið umferðarlög. Ökumaðurinn mótmælti harðlega, sagðist alls ekki hafa ekið eins hratt og lögregluáðurinn sagði, og að hraðamælingin hlyti að vera röng. Lögregluáðurinn tjáði öikumanninum að úr því hann mótmælti mælingunni yrði hann að koma niður á lögreglustöð þar sem varðstjórinn myndi ræða við hann. Ökumaðurinn svaraði því til að hann skyldi koma á stöðina en hann vildi vita nafn varðstjórans. Hann heitir Magnús Einarsson, svaraði lögregluáðurinn. Nei nei, flýtti ökumaðurinn sér þá að segja, við skulum ekkert

vera að þrátta um þetta, auðvitað ók ég of hratt, þurfum við nokkuð að fara niður á stöð og blanda Magnúsi Einarssyni inn í þetta smámál?

Magnús lét af störfum árið 1999 eftir 41 árs starf og hann féllst á að ræða við mig um lög- reglustarfið og starfsferilinn sem er langur, farsæll og viðburðaríkur. Við mælum okkur mót í Grímsnesinu þar sem sumarbústaður Magnúsar og eiginkonu hans, Guðlaugar Sverrisdóttur er, en Guðlaug er fyrirverandi varðstjóri hjá lögglunni. Guðlaug er seinni eiginkona Magnúsar en fyrri kona hans var Ólöf Erla Hjaltadóttir sem lést árið 2004. Bústaðurinn er umlukinn fallegum trjágróðri og að sjálfsgöðu blaktir íslenski fáninn við hún.

„Ég flagga alltaf þegar við erum í bústaðnum,“ segir Magnús um leið og hann kemur til dýra og býður mig velkominn í sveitina. Frúin hafði skroppið í kaupstaðinn en við Magnús komum okkur fyrir í notalegri stofunni og ég spyr hann hvort hann sé borinn og barnfæddur Reykvikingur?

„Já ég er fæddur þann 3. janúar árið 1937 í kjallaranum að Kárastíg 6, í Reykjavík. Íbúðin var eitt herbergi og eldhús en við vorum fimm systkinin ásamt foreldrum og okkur leið vel þótt íbúðin væri ekki stór. Pabbi stækkaði síðan geymslu sem fylgdi íbúðinni og gerði að eldhúsi þannig að íbúðin stækkaði um eitt herbergi. Á Kárastígnum ólst ég upp fram til 19 ára aldurs.“

**Hverjar eru fyrstu minningar þínar um hverfi þitt á Kárastígnum og hvar gekkst þú í skóla?**

„Ég man fyrst almennilega eftir mér árið 1941 en þá var breski herinn hér á landi og hafði




Magnús Einarsson.

meðal annars aðstöðu á Skólavörðuholtinu, það var ævintýri út af fyrir sig að fylgjast með hermönnum. Við krakkarnir í hverfinu vorum eins og gengur og gerist í ýmsum leikjum og mér er minnisstætt þegar við renndum okkur á veturna niður Frakkastíginn á magasleða og alveg niður á Skúlagötu, þá var bílaumferðin í Reykjavík töluvert minni en hún er núna. Á Grettisgötu, ekki langt frá heimilinu mínu, var kúabú sem var hlaða og fjós. Sonur bóndans var félagi minn og fór ég stundum með honum að reka kýrnar á túnin sunnan við Hringbrautina þar sem þær voru á beit yfir daginn. Við fórum með þær upp Frakkastíginn, niður Njarðargötu og þaðan niður á túnin við Hringbrautina, þetta var einstakur og skemmtilegur tími. Ég byrjaði sjö ára í Austurbæjarskólanum, en vegna skipulagsbreytinga var hópur nemenda úr Austurbæjarskólanum sendur í Miðbæjarskólann og ég var einn af þeim. Ég lauk unglingsprófi þaðan en fór síðan í Gagnfræðaskóla Austurbæjar, landsprófsdeildina og lauk landsprófinu. Síðan fór ég í fjórða bekk og tók gagnfræðapróf, sem var góð menntun á þessum tíma.“

**En hvað blasti við nýtskrifuðum gagnfræðingi árið 1953?**

„Ég hafði unnið sveitastörf á unglingsárunum á Brjánsstöðum í Grímsnesi og einnig fengið sumarstarf á Vífilstaðabúinu, hjá Birni Kon-



Frá vinstri: Hilmar Þorbjörnsson, Magnús Einarsson og Jón Pétursson.

ráðssyni bústjóra, og þangað fór ég þegar ég lauk gagnfræðanámínu og fékk vinnu. Vífilstaðabúinn var stórt ríkisbú með yfir 30 mjólkandi kúm auk geldneytis. Fjósamaðurinn var danskur, en Björn hafði tröllatrá á dönskum fjósamönnum enda voru þeir allir vel menntaðir en margir þeirra svölitið sérstakir svo ég segi ekki meir,“ segir Magnús og brosir.

„Það var gott að vinna á Vífilstaðabúinu enda margir ungir menn þar í vinnu. Vinnumennirnir fengu herbergi með rúmi og heitan mat. Það var einnig þvegið af okkur svo að vel var hugsað um þá sem unnu þar. Fjósíð á Vífilstöðum stendur enn og brúin einnig sem liggur yfir í hlöðuna. Það varð að aka dráttarvélunum, sem drógu fjórhjólavagna fulla af heyi yfir brúna og bakka síðan sömu leið út vegna þess að ekki var hægt að snúa þeim við inni í hlöðunni. Þeir sem gátu ekki bakkað dráttarvélunum út fengu ekki að aka þeim, þess vegna

var mikill metingur milli okkar ungu manna að geta bakkað dráttarvélunum, en mér tókst það ágætlega. Launin voru ekki há á Vífilstaðabúinu og því leitaði ég eftir vinnu í Steypustöðinni enda launin töluvert betri þar en á Vífilstöðum. Ég fékk þar vinnu og fyrsta daginn spurði verkstjórinn, Árni Ólafsson mig hvort ég væri ekki vanur að vera á ýtum og dráttarvélum sem ég sagðist vera. Hann bað mig þá um að fara á ámokstursvél, sem var af Kletragerð og gekk undir nafninu sveiflan. Enginn kunnir á hana, hvað þá að setja hana í gang en mér tókst það og gat komist á lag með að vinna á henni en það var þó nokkur kúnt. Ég vann síðan í Steypustöðinni allt þar til að ég gekk í löggluna í janúar 1958.“

**Hvað varð til þess að þú ákvaðst að ganga í löggluna?**

„Mér líkaði alltaf vel við bústörfin og ætlaði

mér að verða bóndi en hafði líka áhuga á að gerast löggregluþjónn. En ég ákvað að sækja um í löggluna haustið 1957 og gekk á fund Erlings Pálssonar yfirlöggregluþjóns og afhenti honum umsóknina. Erlingur sagði við mig að það yrði haft samband við mig ef ég yrði ráðinn. Í janúar árið 1958 fór ég á fund Sigurjóns Sigurðssonar lögglustjóra til að grennslast fyrir um umsóknina. Þá var mér sagt að verið væri að leita að símanúmerinu heima hjá mér þar sem ég væri þegar ráðinn. En við vorum ekki með neinn síma, enda ekki kominn sími í öll hús í Reykjavík á þessum tíma. Síðan var það 15. janúar að löggluskólinn var settur á efstu hæð í lögglustöðinni í Pósthússtræti, í fundarsalnum sem þar var en þetta var í raun dómsalur sem Sakadómur Reykjavíkur var með. Þangað mætti dómarnir á morgnana og afgreiddi þau lögglumál sem upp komu, meðal annars hraða- og ölvunarsektir. Dóm-









# Estirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnadar í starfi

GT-bílar ehf  
Gylfi Guðjónsson ökukenndari, s: 6960042  
Hestaleigan Laxnesi  
Kaffihúsið á Álafossi  
Kjósarhreppur  
Matfugl ehf  
Málningarþjónusta Jónasar ehf  
Múrefni ehf  
Nonni litli ehf  
Sigurplast ehf  
Spissar ehf-stíflubjónusta  
Vélsmiðjan Sveinn ehf

## Akranes

Bífreiðastöð Þórðar Þ. Þórðarsonar  
Blikksmiðja Guðmundar ehf  
Fasteignasalan Valfell  
Rafþjónusta Sigurdórs ehf  
Skagaverk ehf  
Smurstöð Akraness sf  
Spölur ehf-Hvalfjarðargöng  
Stapavík ehf  
Vélaleiga Halldórs Sigurðssonar ehf  
Viðar Einarsson ökukenndi ehf  
Ylur pípuþjónusta sf

## Borgarnes

Bílabær sf, bífreiðaverkstæði  
Borgarverk  
Dýralæknabjónusta Vesturlands ehf  
Ensku húsin gistiheimili við Langá  
Eyja- og Miklaholtshreppur  
Framköllunarþjónustan ehf  
Golfklúbbur Borgarness  
Háskólinn á Bifröst ses  
Landnámssetur Íslands  
Loftorka í Borgarnesi ehf  
Lögfræðistofa Inga Tryggvasonar  
Samtök sveitarfélaga  
í Vesturlandskjördæmi  
Sigur-garðar sf  
SÓ húsbýggingar ehf

## Stykkishólmur

Narfeyri ehf  
Þ.B. Borg trésmiðja ehf

## Grundarfjörður

RúBen ehf  
þjónustustofan ehf

## Ólafsvík

Þrif og þjónusta ehf

## Hellissandur

Esjar ehf  
KG Fiskverkun ehf  
Skarðsvík ehf

Snæfellsbær  
Vélsmiðja Árna Jóns ehf

## Reykhólahreppur

Reykhólahreppur  
Þörungaverksmiðjan hf  
- Reykhólum

## Ísafjörður

Akstur og löndun ehf  
Fræðslumiðstöð Vestfjarða  
Ísblikk ehf  
Kaffihúsið Húsið  
Póllinn ehf  
Verkstjórafélag Vestfjarða  
Þrymur hf, vélsmiðja

## Bolungarvík

Flugrúta Bolungarvík

## Patreksfjörður

Albína verslun  
Bílaverkstæðið Smur- og dekk  
Bókhaldsstofan Stapar ehf  
Oddi hf, fiskvinnsla-útgerð

## Tálknafjörður

Bókhaldsstofan Tálknafirði  
Gistiheimilið Bjarmalandi ehf  
T.V. Verk ehf  
Trans Atlantic ehf-ferðaskrifstofa

## Staður

SG verkstæði ehf

## Árneshreppur

Hótel Djúpvík ehf

## Blönduós

Átak ehf  
Gistiheimilið Kiljan ehf  
Húnavatnshreppur

## Skagaströnd

Sjávarlíftækisetríð BioPol ehf

## Sauðárkrókur

Efnalaug og þvottahús  
Kaupfélag Skagfirðinga  
Króksverk ehf  
K-Tak ehf  
Útgerðarfélagið Sæfari ehf  
Verslunarmannafélag  
Skagafjarðar  
Vörumiðlun ehf

## Varmahlíð

Akrahreppur Skagafirði

## Síglufjörður

Málaraverkstæðið ehf

## Akureyri

Ásbyrgi-Flóra ehf  
Becromal Iceland ehf  
Bífreiðastöð Oddeyrar ehf  
Bílapartasalan Austurhlíð  
Blikk- og tækniþjónustan ehf  
Blikkrás ehf  
Dexta orkutæknilausnir ehf  
Eining-löja  
Goya Tapas bar  
Grófargil ehf  
Hagvís ehf  
Höldur ehf, bílaleiga  
Kjarnafæði hf  
Kraftbílur ehf  
Lögmannsstofa Akureyrar ehf  
Meðferðarheimilið Laugalandi  
Miðstöð ehf  
Múriðn ehf  
Möl og sandur  
Rafeyri ehf  
Rafmenn ehf  
Raftákn ehf-Verkfræðistofa  
Rakara- og hárstofan Kaupangi  
Samvirkni ehf  
Sjómannaálaðið Víkingur  
Stefna ehf  
Timbra ehf, byggingarverktaki  
Veislubakstur-Betra brauð

## Dalvík

Híbylamálun,  
málningarþjónusta ehf  
Klaufi ehf  
Promens Dalvík ehf  
Steyrustöðin Dalvík ehf

## Ólafsfjörður

Brimnes hótél og bústaðir  
Norlandia ehf

## Húsavík

Bílaþjónustan ehf  
Gistiheimilið Sigtún ehf  
-www.gsigtun.is  
Norðursigling ehf  
Steinsteypir ehf

## Mývatn

Dimmuborgir guesthouse

## Þórshöfn

B.J. vinnuvélar ehf  
Geir ehf

## Egilsstaðir

Austfjarðaflutningar ehf  
Bílamálun Egilsstöðum ehf  
Bókráð, bókhald og ráðgjöf ehf  
Bólholt ehf  
Gistihúsið Egilsstöðum  
Héraðsprent ehf  
Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf  
Rafey ehf  
Vaðall ehf  
Ökuskóli Austurlands sf

## Seyðisfjörður

Seyðisfjarðarkaupstaður  
Stálstjörmur ehf  
Stjörnuhlástur ehf

## Reyðarfjörður

Félag opinberra starfsmanna  
á Austurlandi  
Tærgesen, veitinga- og gistihús

## Eskifjörður

Egersund Ísland ehf  
Ferðaþjónustan Mjóeyri  
Fjarðarþrif ehf  
Kaffihúsið Eskifirði  
Rafmagnsverkstæði Andrésar ehf

## Neskaupstaður

Síldarvinnslan hf  
Tröllli ehf-Siggi Nobb, gisting

## Fáskrúðsfjörður

Kaffi Sumarlína ehf  
Vöggur ehf

## Stöðvarfjörður

Brekkan - Verslun og veitingastofa

## Höfn í Hornafirði

Gistiheimilið Hafnamesi-www.hafnames.is, s: 844 6175  
Jökulsárlón ferðaþjónusta ehf  
Rósaberg ehf  
Skinney-Pinganes hf  
Vélsmiðjan Foss ehf  
Pingvað ehf, byggingaverktakar

## Selfoss

Árvirkinn ehf  
Baldvin og Porvaldur ehf  
Báran stéttarfélag  
Bífreiðaverkstæðið Klettur ehf  
Bílverk B.A. ehf, bílamálun og bílaréttingar  
Bjarnabúð  
Brandugla slf, þýðingar



Frá fundi lögreglumanna á Akureyri.



**DEKKVERK**  
Nybylavegi 2 & Lyngás 20  
578-7474  
OPIÐ ALLA DAGA TIL 19:00

**EIMSKIP**  
VFIR HAFIÐ OG HEIM

**Eirberg**

**FASTUS**  
Veit á vandaða lausn



Dansk Politi 03/2015

## Tölvumál dönsku lög- reglunnar enn í ólestri

Enn í dag eru tölvumál lögreglunnar í Danmörku, að því er virðist í algerum ólestri. Landsamband danskra lögreglumanna hefur ítrekað bent á annmarka á tölvumálunum allt frá skipulagsbreytingum þeim sem hrint var í framkvæmd á lögreglunni í Danmörku árið 2007. Svo virðist sem lítið eða ekkert hafi áunnist í þessum efnum frá árinu 2007



## Sænskir lögreglumenn hætta störfum í kjölfar skipulagsbreytinga



Um 300 sænskir lögreglumenn hafa sagt lausum stöðum sínum í kjölfar skipulagsbreytinga liðinna mánaða, þar af 110 á fyrri helmingi þessa árs.

Lögreglumenn sem fjölmiðlar hafa rætt við segja að lögreglumenn verði sífellt óánægðari í starfi vegna skipulagsbreytinga sem hrint var í framkvæmd þann 1. janúar s.l. Kemur þar helst til sú staðreynd að fjármagn skortir til löggæslu og breytingarnar hafa verið kostnaðarsamari en reiknað hafi verið með.

<http://www.politi-forum.no/no/nyheter/2015/juli/Flere+svenske+politifolk+slutter+etter+omorganisering.d25-T2BfO1Q.ips>

Politi Forum nr. 06/07 2015

## Flestir jákvæðir

Lögreglan í Noregi hefur nú borið skotvopn við dagleg störf sín frá 25. nóvember 2014. Í könnun sem unnin var af TNS Gallup í Noregi fyrir ríkislögreglustjórn þar í landi kemur fram að mikill meirihluti norsku þjóðarinnar er jákvæður í garð lögreglu vegna þessa.

Þannig svara 51% þátttakenda því til að þeir eru hlynntir þessari þróun á meðan 29% eru neikvæðir. Hlutlausir eru 20%.

Hægt er að lesa nánar um könnunina á: <http://www.politiforum.no/no/nyheter/2015/juli/Folk+flest+blir+ikke+skremt+av+bev%C3%A6pningen.d25-T2BbK4T.ips>



Politi Forum 10/2015

## Hallarekstur norskrar lögreglu

Lögregluna í Östfold í Noregi vantar 30 milljónir norskra króna til að ná endum saman árið 2016.

Á árinu 2015 neyðist embættið til að sleppa ráðningum í 24 stöður lögreglumanna til að ná endum saman á þessu ári.

Norski ríkislögreglustjórnin hefur farið fram á það við lögregluembættin í Noregi að þau dragi saman í rekstri sínum um 2% á árinu 2016 en það er til viðbótar áður ákveðinni hagræðingarkröfu.



# TASER

## er mildasta úrræðið ef beita þarf valdi

Rick Smith, forstjóri Taser International, var á Íslandi í sumar, hitti lögreglumenn að máli og gaf sér tíma til að ræða um Taser rafbyssur og myndupptökur lögreglumanna við Lögreglumanninn



Fjölmiðlar sýndu komu Rick Smith til landsins áhuga, hér er hann í viðtali hjá Einari Þorsteinssyni fréttamanni RÚV.



Forstjóri Taser bauð lögreglumönnum á stuttan kynningar- og fræðslufund, þar sem hann sat jafnframt fyrir svörum. Á myndinni eru Ronald Richardson og Rick ásamt hluta þeirra sem sóttu fundinn.

Rick Smith, stofnandi og forstjóri Taser International, var staddur hér á landi í sumar og notaði tækifærið til að miðla af reynslu sinni og þekkingu á málefnum lögreglu. Hann hitti þá Snorra Magnússon formann landssambands lögreglumanna og Vilhjálmm Árnason þingmann og fyrrum lögreglumann og hélt ennfremur fræðsluerindi fyrir lögreglumenn.

Rick gaf sér tíma til að veita Lögreglumanninum viðtal og var fyrst spurður hvort hann hefði komið sérstaklega til landsins til að ræða um Taser við lögregluna.

„Aðallega er ég á Íslandi í frii með fjölskyldu mína og er yfir mig hrifinn af landinu. En ég vildi endilega nota tækifærið og tók því einn af þessum frídögum til að hitta íslenska lögreglumenn og fjölmiðla. Ég var mjög ánægður að fá að hitta Snorra Magnússon formann landssambandsins og Vilhjálmm Árnason, þann þingmann sem hefur mest beitt sér fyrir því að efla lögregluna. Ég hefði að sjálfsgöðu einnig viljað hitta ríkislögrelustjóra en hann var því miður ekki viðlátinn þennan dag.“

Rick sagði að honum hefði fundist sérstaklega áhugavert að kynna aðstæðum héraðs í ljósi þess að lögreglan ber ekki skotvopn dags daglega.

„Það er í raun fánægleg hugmynd að ætla að stöðva athæfi fólks með því að skjóta það með byssukúlu og drepa eða meiða alvarlega. Það var samt ekki fyrir en Taser rafbyssan kom til sögunnar að til varð raun-

verulegur valkostur við að nota skotvopn. En ekki aðeins það, heldur hefur Taser ekki síður komið að góðum notum við aðstæður þar sem öðrum valdbeitingartækjum hefði ella verið beitt. Fólk skiptir hratt um skoðun þegar það stendur andspænis Taser. Fyrir vikið hefur tilkoma Taser dregið stórlega úr aðstæðum þar sem lögreglumenn og brotamenn meiðast í líkamlegum átökum. Það verður hreinlega ekkert úr átökum. En Taser kemur ekki í staðinn fyrir skotvopn gegn brotamönnum með byssu í hendi, það er mis-skilningur.“

Rick Smith nam taugalífæði við Harvard háskóla og síðar viðskiptafræði. Þegar tveir skólafélagar hans voru skotnir til bana í Arizona fór hann að kynna sér hvort ekki mætti þróa valkosti við skotvopn. Rick ofbauð að árlega létu 37 þúsund Bandaríkjamenn lífið af völdum skotvopna. Hann stofnaði Taser International árið 1993 ásamt Tom bróður sínum og Jack Cover, sem átti frumhugmyndina að rafbyssu. Nafnið Taser er komið úr ævintýrabókunum um Tom Swift, skammstöfun á Tom Swift and his Electric Rifle.

Rúmlega 800 þúsund Taser rafbyssur hafa verið seldar frá því að sú fyrsta kom á markaðinn skömmu fyrir aldamót og eru nú í notkun í 107 löndum. Taser hefur frá upphafi verið beitt í rúmlega 2,8 milljónum tilfella gegn brotamönnum og í 1,9 milljón skipti við þjálfun og á sjálfbodaliða.

Hvað er unnið með því að bæta enn einu valdbeitingarúrræði við hjá lögreglumni?





# Estirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnadar í starfi

Búhnykkur sf  
Fasteignasalan Árborgir ehf  
Fossvélar ehf  
Hótel Geysir  
Hótel Gullfoss  
Jáverk ehf  
Jeppasmíðjan ehf  
Leigubílar Suðurlands ehf  
Máttur sjúkrapjálfun ehf  
Nesey ehf  
Orkugerðin ehf  
Pálmar K Sigurjónsson ehf  
Pylsuvagninn Selfossi við brúarendann  
Rafvélaþjónusta Selfoss ehf  
Reykhöll ehf  
Súluholt ehf  
Súperbygg ehf  
Sveitarfélagið Árborg  
Vélaverkstæði Þóris ehf  
Vélsmiðja Suðurlands ehf

X5 ehf  
Þ.H.blikk ehf

## Hveragerði

Bílaverkstæði Jóhanns ehf  
Heilsustofnun NLFÍ-heilsustofnun.is  
Hótel Örk  
Jón Þórisson ehf  
kiano.is  
Raftaug ehf

## Þorlákshöfn

Frostfiskur ehf

## Ölfus

Dýralæknþjónusta Suðurlands  
Eldhestar ehf  
Garpar ehf  
Gljúfurústaðir ehf  
Litla kaffistofan

## Stokkseyri

Fjöruborðið

## Laugarvatn

Ásvélar ehf

## Flúðir

Áhaldahúsið Steðji  
Flúðafiskur  
Flúðasveppir ehf  
Kaffi-Sel ehf

## Hella

Bílaverkstæðið Rauðalæk ehf  
Kanslarinn veitingahús

## Hvolsvöllur

Ferðaþjónustan Hellishólum ehf  
Gestastofan Þorvaldseyri

Sögusetrið Hvolsvelli  
-www.njala.is

## Vík

Mýrdælingur ehf

## Kirkjubæjarklaustur

Hótel Laki  
Icelandair Hótel Klaustur

## Vestmannaeyjar

Bergur-Huginn ehf  
Bílaverkstæði Sigurjóns  
Hótel Vestmannaeyjar  
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja  
Narfi ehf  
Ós ehf  
Rannsóknarþjónustan V.M.  
Vinnslustöðin hf

## Þing Norræna lögregluþróttasambandsins, NPIF, 2015



Fulltrúi Eista kynmir starfsemi eistneska sambandsins á þinginu.



Þingfulltrúar.

Þingið fór fram í Turku í Finnlandi í maí s.l. Óskar Bjartmarz og Guðmundur St. Sigmundsson sóttu þingið f.h. ÍSL. Það markverðasta á þinginu var inntaka Eistlands í sambandið. Voru allir þingfulltrúar því samþykktir að Eistland fengi bráðabirgða aðild að sambandinu og yrðu formlegir aðilar á þingi sambandsins 2017. Aðild Eista þýðir að nú verður enska aðalungumálið. Nafn sambandsins verður á ensku og skammtöfubreyttist úr NPIF í NPSA, Nordic Police Sports Association, og þýða þarf lög og reglur sambandsins á ensku, það starf er hafið. Norðmenn tóku við formennsku í sambandinu. Óskar Bjartmarz er í stjórn og Guðmundur St. Sigmundsson í tækninefnd.

## Leiðréttingar

Í 3ja tölublaði 2014 gætti ónákvæmni í upplýsingum um feril Gísla Þorsteinssonar í tengslum við afhendingu silfurmerkis ÍSL. Hér á eftir koma réttar upplýsingar um Gísla.

„Gísli keppti f.h. ÍFL Reykjavík á NPM í judó í Kaupmannahöfn 1974, Malmö 1978 og í Helsinki 1982. Norðurlandamót lögreglumanna fór samtímis fram 1974 og 1978 í handknattleik, judó og lyftingum. Gísli keppti í 86 kg. flokki í Malmö og varð norðurlandameistari, hann lenti í öðru sæti í opna flokknum. Gísli varð einnig norðurlandameistari í 86 kg. flokki í Helsinki 1982. Þá keppti Gísli á EPM í Göppingen í Þýskalandi 1984 þar sem hann fékk brons í -86. kg. flokki. Hann hefur tekið þátt í landsmótum í innanhússknattspyrnu og Öldungamótum. Þá hefur hann einnig keppt á landsmótum í skotfimi og golfi þar sem hann hefur unnið til verðlauna. Gísli fékk bronsmerki ÍSL 1992.“

Í síðasta tölublaði Lögreglumannsins birtist því miður röng tafla yfir úrslit í loftskammbyssu. Hér á eftir er rétt tafla. Eiríkur Óskar Jónsson sem sigraði er beðinn velvirðingur á því að taflan sem birtist var ekki rétt en bætt er úr því hér með.

Nr.	Keppandi	Embætti	1	2	3	4	Alls	Meðalt.
1	Eiríkur Óskar Jónsson	RLS	88	92	82	87	349	87,25
2	Gísli Þorsteinsson	LRH	87	79	86	92	344	86,00
3	Ólafur Egilsson	LSR	89	81	88	84	342	85,50
4	Þórir Ingvarsson	LRH	83	84	84	88	339	84,75
5	Jón Arnar Sigurþórsson	LVL	83	83	85	87	338	84,50
6	Kristján Ingi Hjörvarsson	LVL	84	85	81	86	336	84,00
7	Ómar Jónsson	LVL	78	85	84	85	332	83,00
8	Sandra Pawlik	LVL	65	71	62	84	282	70,50
9	Jóhann Örn Jónbjörnsson	LVL	73	73	57	65	268	67,00
10	Guðbjörg Ester Einarsdóttir	LVL	62	51	69	82	264	66,00
11	Sunnefa Burgess	LVL	76	64	64	57	261	65,25
12	Eva Dröfn Ólafsdóttir	LVL	67	51	50	36	204	51,00





Frá vinstri Samúel, Einar, Sveinbjörn, Heiðar Ingi, Ragna og Viggó.

Dagana 10. – 12. apríl s.l. fóru fram í Malmö í Svíþjóð svokallaðir „Nordic Police CF Throwdown, NPCT“ leikar í fyrsta skipti. Það var Íþróttafélag lögreglunnar á Mið og Vestur Sjálandi sem skipulagði mótið í samstarfi við Kronan Crossfit í Malmö en þar er einn eigandanna lögreglumaður. Ástæðan var sú að það var ódýrara að halda mótið í aðstöðunni í Malmö en í Danmörku þrátt fyrir styrk sem þeim stóð til boða af hálfu danska sambandsins ef mótið færi fram á danskri grundu.

Þessir leikar voru opnir öllum lögreglumönnum á norðurlöndunum. Innan Norræna

lögregluþróttasambandsins, NPIF, eru alltaf til umræðu nýjar íþróttgreinar og þar hefur Crossfit verið nefnt sem ný íþróttgrein. Stjórn ÍSL ákvað að senda keppendur á leikana til að kynna sér þessa grein með þessa umræðu í huga.

Ákveðið var að senda þrjú lið til keppni. Í Mix flokki kepptu þau Ragna Hjartardóttir (LRH) og Samúel Ólafsson (Suðurnes). Í B-flokki karla kepptu þeir Viggó H. Viggósson (Suðurnes) og Sveinbjörn Magnússon (Suðurnes) en þessir aðilar höfðu staðið uppi sem sigurvegarar í „Lögguhreysti 2014“ og var þeim því boðið að fara fyrir hönd ÍSL á mótið. Þá

bættust í hópinn þeir Einar Júlíusson (RLS) og Heiðar Ingi Heiðarsson (RLS) en þeir kepptu í RX flokki.

Liðin æfðu af kappi frá því ákveðið var að taka þátt og voru nokkrar sameiginlegar æfingar teknar í Crossfit Reykjavík en þar höfðu eigendur leyft keppendum að æfa endurgjaldslaus á meðan á undirbúningnum stóð.

Föstudaginn 10. apríl flaug hópurinn til Kaupmannahafnar ásamt Jóni Gunnari Sigurgeirssyni og Óskari Bjartmarz. Þegar út var komið tók við akstur yfir til Malmö þar sem liðið dvaldi á meðan á mótinu stóð.

Mótið var sett á laugardagsmorgninum þar

sem fyrsta greinin var kynnt og í framhaldi af því hófst keppnin. Fyrst íslensku liðanna riðu á vaðið Ragna og Samúel. Fyrsta greinin samanstóð af „wall-balls“, „burpress“ og tvöföldu sippi – fyrir þá sem vita hvað það er!

Eftir fyrsta WOD (umferð) stóðu Einar og Heiðar uppi sem sigurvegarar og sigruðu í raun með miklum yfirburðum.


Tvö önnur WOD (workout of the day) voru framkvæmd á laugardegnum og héldu Íslendingarnir áfram að standa sig vel. Að loknum fyrri degi voru Einar og Heiðar í 2. – 3. sæti en hin liðin voru í sjötta sæti sem er frábær árangur. Allt var því gefið í seinni daginn til að halda sætunum enda gáfu sex efstu liðin þáttökurétt í úrslita umferðinni á sunnudeginum.

Seinni dagurinn hófst snemma en liðin mættu til leiks kl. 8 á sunnudagsmorgninum. Íslensku liðin héldu áfram að gera góða hluti og héldu sætum sínum fram eftir degi. Hinsvegar dró til tíðinda í síðasta Wodi dagsins en þar meiddist Heiðar á læri í framstigsgöngu. Þetta leiddi til þess að þeir Heiðar og Einar enduðu í tíunda sæti í þessari umferð í stað þess að vera í toppsætunum eins og þeir höfðu verið fram að þessu. Tvisýnt var reyndar að Heiðar gæti klárað þessa umferð en hann beit á jaxlinn og fór á öðrum fæti með lóðin yfir endalínuna. Eftir þessa umferð höfðu þeir því fallið niður í fjórða sæti.

Öll íslensku liðin komust því í sex liða úrslitin og beið hópurinn spennur eftir að sjá hvaða þraut yrði lögð fyrir keppendur. Úrslitaþrautin reyndist vera löng og erfið æfing sem samanstóð af mörgum æfingum. Ljóst varð strax að Einar og Heiðar myndu eiga erfitt með að taka þátt í úrslitaþrautinni vegna meiðslanna. Þeir ákváðu hinsvegar að klára mótið með stæl en ljóst var þó að Heiðar yrði að sleppa nokkrum æfingum sem þá kæmi niður á Einari en hann þyrfti þá að klára allar endurtekningarnar í þeim lið. Heiðar tók aðrar æfingar á móti og í sameiningu tókst þeim að klára wodið með fjórða besta tímamann og þannig tryggja sér fjórða sætið á mótinu. Er það algjörlega magnaður árangur sér í lagi í ljósi meiðsla Heiðars. Hin íslensku liðin stóðu sig sömuleiðis glæsilega og enduðu mótið í 6. sæti.

Að loknu mótinu voru verðlaun veitt fyrir fyrstu þrjú sætin en einnig fékk Heiðar sérstök verðlaun en hann var valinn „maður mótsins“ í karlaflokki.

Ljóst er að þessi mót eru komin til að vera.



Ragna og Samúel.



Viggó og Sveinbjörn.



Einar og Heiðar Ingi.

Mótið í ár var með því sniði að allir lögreglumenn gátu skráð sig til keppni og tekið þátt á eigin vegum. Var það formið hjá öllum liðunum fyrir utan íslenska liðið sem fór á vegum ÍSL á mótið. Aðstaðan í Malmö var algjörlega fyrsta flokks enda stöðin aðeins nokkurra vikna gömul þegar mótið fór fram. Einnig eru samgöngur þægilegar fyrir önnur Norðurlönd þangað og því alls ekki ólíklegt að mótið verði haldið á sama stað að ári.

Óvist er þó hvort og þá með hvaða hætti ÍSL kemur að næsta móti en þó er uppi áhugi á að koma þessu inn í norræna starfið og halda því opinber Norðurlandamót í greininni.

Í þessu samhengi er því í skoðun að halda Íslandsmót lögreglumanna í Crossfit og því er

um að gera að kynna sér greinina og undirbúa sig vel fyrir mótið. Tímasetning er ekki ljós en horft er annaðhvort til næsta hausts eða næsta vors.

Einnig verður keppni í Lögguhreysti framhaldið.

Auk þessa er keppt í fjölmörgum öðrum greinum á vegum ÍSL yfir árið þannig að allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi og hvetjum við því lögreglumenn til aukinnar hreyfingar og til að taka þátt í þeim mótum sem haldin eru.

Þeir sem vilja kynna sér frekari úrslit, tíma og annað í mótinu geta kynnt sér málið á heimasíðu ÍSL, [www.islsport.is](http://www.islsport.is).





Íslenska liðið eftir verðlaunaafhendingu.

## Mótið fór fram í Þrándheimi í Noregi dagana 22. – 26. júní s.l. Undirbúningur okkar var stuttur en snarpur undir stjórn Þormóðs Egilssonar fyrrum lögreglumanns.

Hópur ÍSL sem hélt til Þrándheims mánu-daginn 22. júní var eftirfarandi: Andri Fannar Helgason, Sigurjón Þórðarson, Hinrik Geir Jónsson, Christopher Þórarinn Anderiman, Kristján Hagalín Guðjónsson, Gunnar Þór Þorsteinsson, Ólafur Jónsson, Óttar Örn Jónsson, Jóhannes Gauti Sigurðsson, Konráð Þorleifsson, Róbert Þór Guðmundsson, Jóhann Örn Guðbrandsson, Jónatan Guðbrandsson, Arnar Geir Magnússon, Arnar Már Jónsson, Magnús Guðmundsson. Þormóður Egilsson þjálfari, Kristján F. Geirsson og Ólafur Örvar Ólafsson leikmenn/-liðsstjórar, Jón Gunnar Sigurgeirsson nuddari og Óskar Bjartmarz fararstjóri.

Vegna fjarveru Svía voru fjögur lið í karla-flokki og þrjú lið í kvennaflokki

Fyrir misskilning og þess að mótshaldarar tóku ekki á móti liðunum á flugvællinum í Þrándheimi fór okkar hópur á rangan stað í borginni og það skýrðist ekki fyrr en undir

kvöld hver væri rétti áfangastaðurinn. Þegar allur hópurinn kom á réttan stað, Scandic hótél í Lerkendal í Þrándheimi, var mótssetning yfirstaðin en í hana vantaði bæði okkar lið og það danska.

Fyrsti leikur okkar í mótinu var við Dani kl 14:00 daginn eftir. Byrjunarliðið var skipað eftirtöldum leikmönnum: Andri Fannar Helgason í markinu, aðrir leikmenn Hinrik Geir Jónsson, Kristján Hagalín Guðjónsson, Gunnar Þór Þorsteinsson, Ólafur Jónsson, Óttar Örn Jónsson, Jóhannes Gauti Sigurðsson, Róbert Þór Guðmundsson, Jónatan Guðbrandsson, Arnar Geir Magnússon og Arnar Már Jónsson. Ísland vann leikinn 1 - 0 með marki frá Ólafi Jónssyni á 59. mínútu úr vítaspyrnu. Vítaspyrnan var dæmd fyrir brot á Jóhannesi Gauta upp við endalínu, innan teigs, eftir að hann tók góða rispu upp hægri kantinn. Á 65. mín. fór Jónatan Guðbrandsson af velli en inn á kom Jóhann Örn. Á 70 mín. kom Christopher inn á fyrir Kristján Hagalín. Á 72 mín. kom Kristján F. Inn á fyrir Arnar Má. Á 87 mín. kom Ólafur Örvar inn á fyrir Jóhannes

Gauta. Á 83 mín. fékk einn Daninn sitt annað gula spjalðið og þar með rautt. Danir léku því einum manni færri það sem eftir var en 4 mín var bætt við venjulegan leiktíma. Leikurinn var mjög góður af beggja hálfu og nóg var af færum á báða bóga. Andri Fannar stóð sig vel í markinu.

Hinum leik dagsins lauk með sigri Norðmanna á Finnum 3 - 1.

Leikur nr. 2 hjá okkur var gegn Finnlandi. Byrjunarliðið var þannig skipað: Andri Fannar í markinu, aðrir leikmenn, Hinrik Geir, Gunnar Þór, Ólafur Jónsson, Óttar Örn, Róbert Þór, Jónatan, Arnar Geir, Arnar Már, Christopher og Jóhann Guðbrandsson. Þeir koma inn fyrir Jóhannes Gauta og Kristján Hagalín sem eru tæpir eftir leikinn gegn Dönnum. Leikurinn tapaðist 4 - 1. Finnar skoruðu mark á 3ju mín. eftir hræðileg varnarmistök, þeir bættu síðan við öðru marki á 32 mín. Á 38 mín fengum við víti þegar einn Finninn fékk boltann í höndina. Ólafur Jónsson skoraði úr vítinu. Staðan í hálfleik 2 - 1 fyrir Finnland. Á 52 mín. gerði Þormóður tvöfalda skiptingu. Út af fóru Arnar



Ellen Mari og Andri Fannar besti leikmaður mótsins.

Geir og Jónatan en inn á komu Jóhannes Gauti og Konráð. Á 62 mín kom Ólafur Örvar inn á fyrir Arnar Má. Á 80 mín. fengu Finnar víti eftir brot hjá Ólafi Örvari. Andri varði vítaspyrnuna en einn Finninn náði frákastinu og skoraði. Á 90 mín. skoruðu Finnar sitt fjórða mark eftir mistök í vörninni. Lokatölur 4 - 1 fyrir Finnland. Rétt er að geta þess að Andri varði eins berserkur og meistaralega í 4 - 5 skipti.

Leikur Norðmanna og Dana fór 2 - 2.

Síðasti leikurinn var gegn Noregi. Byrjunarliðið var skipað eftirtöldum leikmönnum: Andri Fannar í markinu og aðrir leikmenn Jóhannes Gauti, Kristján Hagalín, Christopher, Gunnar Þór, Róbert, Arnar Már, Hinrik, Jóhann Guðbrandsson, Óttar og Konráð. Ólafur Jónsson var óleikfær eftir samstuð við Jónatan í leiknum gegn Finnum, hann var með sokkið auga og stökkbólgin. Arnar Geir og Magnús voru heldur ekki í standi til að spila. Jón Gunnar kom inn í hópinn í staðinn fyrir Magnús sem ekkert hafði komið við sögu í



Byrjunarliðið gegn Noregi, efri röð frá vinstri: Konráð, Gunnar Þór, Róbert Þór, Óttar, Arnar Már og Andri Fannar, neðri röð frá vinstri: Jóhannes Gauti, Jóhann Örn, Kristján Hagalín, Christopher og Hinrik.

mótinu. Norðmenn komust í 1 - 0 á 23 mín. Þeir bættu við öðru marki á 30 mín þannig að staðan var 2 - 0 í hálfleik. Norðmenn skoruðu þriðja markið á 53 mín. og það fjórða á 63 mín. Á 66 mín kom Jónatan inn á fyrir Jóhannes Gauta og Kristján Fr. kom inn á á 84 mín. fyrir Róbert. Norðmenn skoruðu mark nr. 5 á 86 mín. Á 90 mín gerði Þormóður heiðurskiptingu er Sigurjón kom inn á í stað Andra Fannars. Andri hafði staðið sig vel í leiknum og varið nokkrum sinnum meistaralega.

Leik Dana og Finna lyktað með jafntefli, 1 - 1. Lokastaðan á mótinu. Norðmenn meistarar, Finnar í öðru sæti og við í því þriðja. Danir ráku síðan lestina.

Norðmenn unnu einnig í kvennaflokki, Danir í öðru sæti og Finnar í því þriðja.

Að loknum leikjum dagsins var boðið í bátsferð áður en lokahófið fór fram.

Lokahófið var með hefðbundnu sniði. Verðlaun voru afhent og ræður haldnar. Að þessu sinni voru það mótshaldarar sem völdu leikmann mótsins bæði í karla- og kvennaflokki.

Oftast hefur þetta val farið fram með aðkomu allra þátttökubjóðanna. Norski formaðurinn Ellen Mari Burheim tilkynnti og afhenti viðkomandi aðilum verðlaunin. Hún gat þess að í norska liðinu væru leikmenn úr efstu deild í Noregi en besti leikmaðurinn hefði ótvírætt verið Andri Fannar. Það kom okkur í íslenska hópnum ekkert á óvart að Andri Fannar væri valinn besti leikmaðurinn í karla flokki. Andri Fannar átti þessa útnefningu virkilega vel skilið, hann varði oft á tíðum ótrúlegustu skot sem komu á markið. Hann átti einnig stórkostleg úthlaup í leikjunum og stöðvaði þannig sóknir andstæðinganna.

Íslenski hópurinn stóð sig vel og þrátt fyrir meiðsli hjá sumum þá gáfust menn ekki upp og kláruðu sitt hluverk. Þormóður Egilsson þjálfari gerði góða hluti með liðið og er honum sérstaklega þakkað fyrir sitt starf.



## Mótalisti: 2016

	Umsjón/mótsstaður	Dags.
<b>Landsmót:</b> Innanhússknattspyrna Holukeppni í golfi Golf Lögguhreysti Skotfimi Öldungamót í innanhússknattspyrnu	Vesturland/Ólafsvík Golfnefnd ÍSL ÍFL/LRH Lögguhreystinefnd ÍSL Skotnefnd ÍSL Akureyri	11. – 12. mars Júli/September Júli/Ágúst September Október Október
<b>Norðurlandamót:</b> Skotfimi Blak Ratleikni	Eistland/Tallin Finnland Noregur	08. – 11. september
<b>Evrópumót:</b> Viðavangshlaup Handknattleikur karla Knattspyrna kvenna Hjólreiðar Wrestling	Bretland/Coventry Danmörk Tékkland Belgía Slóvakía	21. – 24. Mars 29.05 – 05.06. 20. – 26. júní 15. – 19. september 21. – 24. október



## Evrópumeistaramót lögreglumanna í Judó haldið í Dresden 10. og 13. maí 2015

Þegar ÍSL fékk boð um þátttöku í Evrópumóti lögreglumanna í Judó var lýst eftir keppendum, þrír lögreglumenn lýstu fyrir áhuga á að taka þátt:

Plús 100 kg. flokkur Gunnar Brynjólfur Sigurðsson.

Mínus 100 kg. flokkur Bjarni Skúlason.

Plús 90 kg. flokkur Jón Kristinn Þórsson.

Skömmu fyrir mót dró Gunnar Brynjólfur sig í hlé vegna bakmeiðsla og tveim dögum fyrir mót dró Jón Kristinn sig í hlé sökum þess að hann var kominn á sjúkrahús með lungnabólgu.

Það var því þunnskipaður hópur keppanda sem lagði af stað frá Keflavík að morgni sunnudagsins 10. maí. Fararstjóri var Jóhann Karl Þórisson, þjálfari Gísli I. Þorsteinsson og liðstjóri Gissur Guðmundsson.

Lent var í Berlín um kl. 11 og ætlunin var að taka lest frá Berlín til Dresden upp úr hádegi en sökum skæruverkfalls hjá starfsmönnum lestanna þá tók hópurinn rútu. Áætlaður ferðatími var 2 klst. Ferðin endaði í 4 klst rútuferð þar sem AC/DC tónleikar voru í Dresden þá um kvöldið og um 90 þúsund manns voru á leiðinni akandi (engar lestar gengu) til Dresden með tilheyrandi umferðarsultum.

Það voru því langþryttir ferðalangar sem komust loks á hótelið um kl. 17 að staðartíma. Þar tók á móti okkur leiðsögumaður íslenska liðsins en allar þjóðir fengu þýskan lögreglumann sem var liðinu innan handar. Leiðsögumaðurinn okkar hét Stefán, ungur lögreglumannur sem vildi allt fyrir okkur gera, stjarnaði í kringum okkur daginn út og inn. Hann var hæst ánægður með okkur og hafði mikinn áhuga á landi og þjóð. Það er því næsta vist að hann komi til Íslands innan tíðar til að kynna landi og þjóð.

Stundvíslega kl. 18:30 var haldin móttökuathöfn í þinghúsinu í Dresden með ræðuholdum frá yfirmanni íþróttamála þýsku lögreglunnar, þingforsetanum, borgarstjóranum og formanni USPE Union of Sportive of Polices d'Europe.

Að móttökuathöfn lokinni var gengið til kvöldverðar og síðan aftur á hótél til skrafs og ráðagerða.

Keppnishöllin var af stærstu gerð en um er að ræða Íshökkíhöllina í Dresden, hún er á þremur hæðum. Á jarðhæðinni er æfingar íshökkí völlum (svipaður og skautahöllin í Laugardal). Á annari hæðinni var keppnisvöllurinn þar sem sæti voru fyrir 4000 manns. Þar var búið að leggja þrjá samliggjandi judó velli ofan á íshökkí völlum. Á þriðju hæðinni var síðan salur eins og við þekkjum úr handboltahúsum hér á Íslandi með áhorfandaaðstöðu fyrir u.þ.b. 1000 manns. Alveg magnað mannvirki. Allt í kring voru svo fótboltavellir, aðalleikvangur Dresden í knattspyrnu og handknattleik, höll svipuð og Íshökkí höllin.

Opnunarhátíðin var einkar glæsilega, hver



við dómarrann. Þessi glíma hefði getað farið á hvorn vegin sem er.

Önnur glíman var á móti Slóvaká, Bjarni skellti honum fljótlega á Ippon og þar með var góður sigur í höfn.

Þá var komið að þriðju glímunni en þar glímdi Bjarni við Rúmena um það að keppa um þriðja sætið. Bjarni skoraði vel á Rúmenann og leit út fyrir að hann væri sterkari en hann gerði smá mistök sem Rúmeninn nýtti sér og vann Bjarna á Ippon.

Þá varð ljóst að Bjarni myndi enda í 6 sæti.

Við hliðina á höllinni hafði lögreglan í héraðinu sett upp metnaðarfulla sýningu fyrir almenning. Þar voru sýnd lögreglutæki af öllum stærðum og gerðum. Inni á milli voru sýningar hjá hesta deild lögreglunnar og lögregluhundadeildinni þar sem sýnt var hvað þau gátu. Stöðugur straumur fólks var því á svæðið bæði á sýninguna og á judó keppnina báða dagana. Ansi vel í lagt hjá Þjóðverjunum.

Við fylgdumst svo með úrslitaglímumum seinna um daginn. Frakkar tóku gullverðlaun í öllum flokkum karla í mínus 90 kg., mínus 100 kg. og plús 100 kg. enda mikil hefð fyrir judó í Frakklandi og þeir voru með fjölmennt lið bæði karla og kvenna.

Um kvöldið var síðan haldið glæsilegt loka-hóf þar sem tækifæri gafst til að kynna lögreglumönnum hédan og þaðan úr Evrópu.

Stórskemmtilegri ferð lokið þar sem Bjarni Skúlason fór fremstur í flokki fyrir hönd íslenskra lögreglumanna, holdgervingur hreystinnar og frábær íþróttamaður með skýra sýn og keppnisþak.



Sími 421 4388  
Netfang stapaprent@simnet.is





Skoðið ávallt  
leiðbeiningar um  
notkun lyfsins

## Ræðst gegn verkjum



# Paratabs®

– Öflugur verkjabani!

**Notkunarsvið:** Paratabs inniheldur virka efnið parasetamól 500 mg. Paratabs er verkjastillandi og hitalækkandi lyf. Lyfið er m.a. notað við höfuðverk, tannverk, tíðaverk, vöðvaverk og hita. **Skömmtun:** Fullorðnir og unglingar sem eru 50 kg eða þyngri: 1 til 2 töflur á 4 til 6 klst. fresti eftir þörfum, að hámarki 6 töflur/3 g á dag. Börn og unglingar sem eru 43-50 kg að þyngd: 1 tafla á 4 klst. fresti eftir þörfum, að hámarki 5 töflur/2,5 g á dag. Börn sem eru 34-43 kg að þyngd: 1 tafla á 6 klst. fresti eftir þörfum, að hámarki 4 töflur/2 g á dag. Börn sem eru 26-34 kg að þyngd: ½ tafla á 4 klst. fresti eða 1 tafla á 6 klst. fresti eftir þörfum, að hámarki 3 töflur/1,5 g á dag. Paratabs 500 mg er ekki ætlað börnum sem eru innan við 26 kg. **Varúðarreglur:** Þeir sem hafa ofnæmi fyrir parasetamóli eða einhverju hjálparefnanna eiga ekki að nota lyfið. Gæta skal varúðar hjá sjúklingum með skerta lifrar- og nýrnastarfsemi, samhliða meðferð með lyfjum sem hafa áhrif á á lifrarstarfsemi, skort á glúkósa-6-fosfatdehýdrógenasa, rauðalósblóðleysi, ofnotkun áfengis, ofþornun og langvarandi vannæringu. Forðast skal samhliða notkun Paratabs og áfengis. Paratabs á ekki að nota samtímis öðrum lyfjum sem innihalda parasetamól. Ef teknir eru stærri skammtar en ráðlagðir hámarksskammtar á sólarhring er hætt við alvarlegum lifrarskemmdum. Langvarandi notkun getur valdið alvarlegum og tíðum höfuðverkjum. Gæta skal varúðar hjá sjúklingum með astma, sem eru næmir fyrir acetýlsalicýlsýru. Ef hár hiti eða einkenni sýkingar eru enn til staðar eftir meðferð í meira en 3 daga, eða ef verkur er enn til staðar eftir meðferð í meira en 5 daga, skal leita til læknis. **Meðganga og brjóstgjöf:** Nota má Paratabs í ráðlögðum skömmtum á meðgöngu eða samhliða brjóstgjöf. **Aukaverkanir:** Parasetamól þolist almennt vel, aukaverkanir eru sjaldgæfar ef ráðlögðum skömmtum er fylgt. Ekki taka meira en ráðlagðan skammt. Athugið að hærri skammtar en ráðlagðir eru geta valdið mjög alvarlegum lifrarskemmdum. **Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu.** Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Actavis Group PTC ehf. Mars 2015.

  
**Actavis**